



Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

GRUNNLÝSING

LSS150224

Mars 2012

EFNISYFIRLIT

Samantekt.....	3
1 Áhættuþættir	5
1.1 Útlánaáhætta	6
1.2 Áhætta vegna samningsskuldbindinga.....	6
1.3 Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta	6
1.4 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta.....	6
1.5 Rekstraráhætta.....	7
1.6 Starfsmannaáhætta.....	7
1.7 Lagaleg áhætta	7
1.8 Áhætta tengd skuldabréfunum.....	7
1.8.1 Endurgreiðsluáhætta	7
1.8.2 Markaðs- og seljanleikaáhætta	7
1.8.3 Áhætta tengd verðbólgutengingu bréfsins	8
2 Ábyrgir aðilar	9
2.1 Útgefandi	9
2.2 Yfirlýsing útgefanda	9
3 Tilkynning til fjárfesta.....	9
4 Skjöl felld inn með tilvísun	9
5 Upplýsingar.....	10
5.1 Upplýsingar um útgefanda.....	10
5.2 Samþykki skuldabréfaútgáfunnar	10
5.3 Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni.....	10
5.4 Tilgangur útgáfunnar	10
5.5 Rafræn skráning	10
5.6 Endanlegir skilmálar	10
5.7 Ítarupplýsingar um skuldabréfin	12
6 Veðhæfi útgáfunnar hjá Seðlabanka Íslands	14
7 Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta.....	14
7.1 Skráning á markað	14
7.2 Útboð.....	14
7.3 Kostnaður við útgáfuna	14
7.4 Aðalmiðlarar.....	15

SAMANTEKT

Samantektin er útdráttur úr grunnlýsingunni. Athygli fjárfesta er vakin á því að samantektina skal lesa sem kynningu á grunnlýsingunni og að ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfum útgefanda skal tekin á grundvelli lýsingarinnar í heild sinni. Jafnframt er athygli fjárfesta vakin á því að ef farið er til dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í grunnlýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað við þýðingu á grunnlýsingunni áður en málaarekstur hefst og að einstaklingar eða lögaðilar, sem útbúið hafa samantektina og sóttu um staðfestingu á samantektinni hjá Fjármálaeftirlitinu, geta sætt skaðabótaábyrgð skv. almennum reglum þar að lútandi en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta grunnlýsingarinnar. Í samantektinni vísa „sjóðurinn“ og „lánasjóðurinn“ til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf..

Útgefandinn

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Nafnverð hlutfjár félagsins er 5.000.000.000 ISK og er Reykjavíkurborg stærsti hluthafinn með 17,47% hlut og er Reykjavíkurborg eini hluthafinn með virkan eignarhlut samkvæmt 40. gr. laga um fjármála fyrirtæki nr. 161/2002. Aðrir stórir hluthafar eru Vestmannaeyjabær með 5,81%, Kópavogsbær með 5,52%, Akureyrarkaupstaður með 5,46% og Hafnarfjarðarkaupstaður með 4,25% hlut. Tilgangur félagsins er að tryggja sveitarfélögunum og fyrirtækjum þeirra lánsfé á hagstæðum kjörum til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Stjórn og stjórnendur

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er kjörin til eins árs í senn á aðalfundi eða hluthafafundi. Ef stjórn er kjörin á hluthafafundi situr hún fram að næsta aðalfundi þegar kosið er aftur um stjórn í samræmi við samþykktir sjóðsins. Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi sem haldinn var í Reykjavík 23. mars 2012:

Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri í Sveitarfélaginu Skagaströnd, (formaður)
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæ (varaformaður)
Svanfríður Inga Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð
Ellíði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum
Helga Benediktsdóttir, deildarstjóri fjárfyrirngar hjá Reykjavíkurborg

Varamenn í stjórn eru eftirtaldir:

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Sveitarfélaginu Árborg
Bryndís Gunnlaugsdóttir, bæjarfulltrúi hjá Grindavíkurbæ
Hilmar Sigurðsson, framkvæmdastjóri CAOZ hf.
Ólafur Þór Ólafsson, bæjarfulltrúi hjá Sandgerðisbæ
Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri hjá Fjarðarbyggð

Nefndarmenn í endurskoðunarnefnd eru eftirtaldir:

Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins
Anna Skúladóttir, löggiltur endurskoðandi
Birgir Blöndal, fyrrverandi lánastjóri hjá Lánasjóðs sveitarfélaga

Núverandi framkvæmdastjóri er Óttar Guðjónsson. Lánasjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga sem lætur honum í té almenna skrifstofuþjónustu. KPMG hf. er endurskoðandi félagsins.

Engir hagsmunarárekstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá stjórnarmönnum, varamönnum í stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Viðskiptaheimilisfang framkvæmdastjóra, stjórnarmanna, varamanna í stjórn og nefndarmanna í endurskoðunarnefnd er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

Saga, þróun og horfur sjóðsins

Lánasjóður sveitarfélaga hóf starfsemi árið 1967 og starfaði á grundvelli laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 35/1966 til ársloka 2004. Var sjóðurinn á þeim tíma byggður upp fjárhagslega með framlögum sveitarfélaganna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ennfrémur með framlögum úr ríkissjóði, en sjóðurinn tók í minna mæli lán til endurlána. Með lögum um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004, sem felldu úr gildi hin eldri lög, voru nefnd framlög felld niður og færðist forræði á sjóðnum til sveitarfélaganna að mestu með hinum nýju lögum. Jafnframt voru ákvæði í hinum nýju lögum um að lánasjóðurinn yrði lánafyrirtæki sem myndi starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins og fékk lánasjóðurinn starfsleyfi frá eftirlitinu í ágúst 2005.

Sveitarfélögin mótuðu í framhaldi af lagabreytingunni nýja stefnu fyrir sjóðinn þar sem gert var ráð fyrir að hann myndi gegna mikilvægara hlutverki í fjármögnum verkefna sveitarfélaganna en áður hafði verið. Með lögum um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006 var Lánasjóði sveitarfélaga síðan breytt í opinbert hlutafélag í eigu allra íslenskra sveitarfélaga og féllu áður nefnd lög nr. 136/2004 þá úr gildi. Í lögnum er eignarhald á sjóðnum takmarkað við sveitarfélögin og félög sem að fullu eru í eigu sveitarfélaganna. Þrátt fyrir breytinguna halda ákvæði í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og í lögum um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 um undanþágu lánasjóðsins frá greiðslu slíkra skatta gildi sínu.

Áætlanir um aukið hlutverk lánasjóðsins í fjármögnun á verkefnum sveitarfélaganna frá 2003 hafa gengið eftir eins og fram kemur í töflunni hér að neðan um þróun útlána frá árinu 2004 en auk eigin fjár hefur sjóðurinn aflað fjár með lántökum til endurlána.

Þróun langtímaútlána Lánasjóðs sveitarfélaga árin 2004-2011 á verðlagi hvers árs í m.kr.

Ár	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Útlán	3.442	9.578	9.099	4.047	15.505	8.421	6.378	6.792

Í lögum um sjóðinn og samþykktum lánasjóðsins er það tekið fram að sjóðurinn geti eingöngu lánað til sveitarfélaga eða fyrirtækja sem að fullu eru í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs gegn ábyrgð eigendanna. Lánasjóðurinn hefur einnig þá megin stefnu að krefjast veðs í tekjum sveitarfélaganna sem tryggingu fyrir lánum til þeirra og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa heimild til að veita sjóðnum slík veð, sbr. 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lánasjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi árið 1967 og voru engin vanskil við útgáfu grunnlýsingar þessarar.

Fjárhagsstaða útgefanda

Hér fyrir neðan er að finna samandregnar fjárhagslegar upplýsingar fyrir árin 2010 og 2011.

Fjárhagslegar upplýsingar fyrir árin 2010-2011

Rekstur tímabils m.kr.	2011	2010
Hreinar vaxtatekjur	1.094	1.096
Aðrar rekstrartekjur	4	295
Almennur rekstrarkostnaður	147	143
Hagnaður og heildarhagnaður ársins	951	1.248
Efnahagsreikningur 31. desember m.kr.	2011	2010
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	9.601	8.970
Kröfur á lánastofnanir	1.523	2.332
Útlán og kröfur	60.875	62.181
Skammtímaútlán	210	200
Eignir samtals	72.362	73.735
Verðbréfaútgáfa	43.164	39.807
Aðrar langtímalántökur	12.943	18.161
Skammtímalántökur	1.070	1.532
Skuldir samtals	57.233	59.558
Eigið fé samtals	15.129	14.178
Eiginfjárlutfall (CAD)	58%	78%

Breyting á fjárhagsstöðu og upplýsingar um þróun eftir 31. desember 2011

Engar mikilvægar breytingar hafa átt sér stað á fjárhagsstöðu lánasjóðsins né hafa orðið verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum sjóðsins frá lokum síðasta fjárhagstímabils 31. desember 2011 fram til dagsetningar grunnlýsingar þessarar. Ársreikningur lánasjóðsins fyrir árið 2011 hefur verið endurskoðaður án athugasemda eða fyrirvara og var birtur opinberlega 6. mars 2012.

Lánasjóðurinn hefur það sem af er árs 2012 haldið eitt útboð á skuldabréfaflokknum LSS150224 og selt samtals 550.000.000 kr. að nafnvirði á innlendum markaði, sem er í takt við útgáfuáætlun lánasjóðsins fyrir árið 2012 sem birt var opinberlega 30. desember 2011 og hljóðar uppá 4-6 milljarða króna.

Skjöl til sýnis

Meðan grunnlýsing þessi er í gildi er hægt að nálgast eftirfarandi skjöl á skrifstofu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík, og á vefsíðu sjóðsins www.lanasjodur.is.

Grunnlýsingu þessa.

Útgefandalýsingu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. (dagsett 28. mars 2012).

Samþykktir lánasjóðsins.

Ársreikninga og skýrslur endurskoðanda fyrir árin 2008, 2010 og 2011.

Útgáfuáætlun lánasjóðsins fyrir árið 2012.

Áhættupættir

Helstu áhættupættir lánasjóðsins eru útlánaáhætta, áhætta vegna samningssskuldbindinga, vaxta-, verðbólgu-gjaldeyris-, lausafjár- og fjármögnunaráhætta. Við þetta bætist rekstrar- og starfsmannaáhætta sjóðsins. Fjárfestum er jafnframt bent á lagalega áhættu, endurgreiðsluáhættu ásamt markaðs- og seljanleikaáhættu sem fylgir kaupum á bréfunum.

Útgáfa skuldabréfanna

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. heimilaði á fundi sínum þann 27. maí 2009 útgáfu skuldabréfa í skuldabréfaflokknum LSS150224 sem næmu allt að 25.000.000.000 ISK að nafnvirði, sem er viðbót við áður veitta heimild að nafnvirði 15.000.000.000 ISK samþykkt 10. október 2008. Heildarheimild flokksins 28. mars 2012 er 40.000.000.000 ISK að nafnvirði. ISIN-númer skuldabréfaflokksins LSS150224 er IS0000018869. Nafnverðseiningin er 1 ISK. Um er að ræða verðtryggð skuldabréf tengd við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í október 2008 sem er 312,8 stig með 3,75% nafnvöxtum en bréfin eru jafngreiðslubréf með tvo gjalddaga á ári, 15. febrúar og 15. ágúst. Skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. Ekki er áformað að óska eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á öðrum mörkuðum. Skuldabréfin eru rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf.

Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma.

Útboð

Aðalmiðlurum með skuldabréf lánasjóðsins, Arion Banka hf., Íslandsbanka hf., Landsbankanum hf. og MP Banka hf., verður boðið að taka þátt í útboðum á skuldabréfunum, en búist er við að innlendir lífeyrissjóðir verði helstu endanlegu kaupendur skuldabréfanna. Aðalmiðlari er einnig viðskiptavaki á eftirmarkaði fyrir LSS150224 og setur fram kaup- og sölutilboð að lágmarki 50 m.kr. að nafnvirði í NASDAQ OMX á Íslandi fyrir opnun markaðar, sjá nánar í kafla 7.

Skuldabréf í skuldabréfaflokknum LSS150224 að upphæð ISK 28.244.000.000 hafa þegar verið tekin til viðskipta. Ávöxtunarkrafa í útboðum fram að þessu hefur verið á bilinu 2,55% - 6,5% og heildar söluverðmæti bréfanna ISK 25.650.317.777.

Ráðgert er að halda fleiri útboð í þessum flokki skuldabréfa og var útgáfuáætlun sjóðsins fyrir árið 2012 birt opinberlega 30. desember 2011. Hægt er að nálgast útgáfuáætlunina á skrifstofu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík, og á vefsíðu sjóðsins www.lanasjodur.is.

Kostnaður við útgáfuna

Sölupóknun vegna sölu á skuldabréfunum til endanlegra fjárfesta er ákveðið sem hlutfall af söluverði bréfanna. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald til Verðbréfaskráningar Íslands hf. sem er hlutfall af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu föstu gjaldi og árlegu markaðstengdu gjaldi sem er hlutfall af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Auk þess greiðir lánasjóðurinn FME fyrir athugun og staðfestingu á lýsingu.

1 ÁHÆTTUPÆTTIR

Sem lánaþyrftaki stendur lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar lánasjóðsins er að greina alla helstu áhættuþætti sem fylgja starfsemi hans, innleiða aðferðir til að fylgjast með þeim, meta þá reglulega, viðhalda eftirliti og reglum til að halda viðkomandi áhættuþáttum innan skilgreindra viðmiða.

Stjórn lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé framfylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Hann gerir tillögur til stjórnar um nánari reglur um hana, skilgreinir áhættuviðmið eftir því sem þörf krefur og hefur eftirlit með því að reglum sé framfylgt.

Lánasjóðurinn hefur fengið undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skal fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfsemi til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stjórn lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki. Deloitte ehf. sinnir innri endurskoðun lánasjóðsins og hefur gert frá og með árinu 2005.

Lánasjóðurinn er milligönguadili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra hins vegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilunum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins en áhættuþættir eins og lausafjáráhætta,

mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki en hún er þó til staðar í formi vaxtaáhætta og gjaldmiðlaáhætta.

1.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Stefna lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. Í árslok 2011 eru 97% útlána til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhætta kemur fram í bókfærðu verði útlánasafnsins í efnahagsreikningi. Farið er yfir lánsumsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál koma til kasta stjórnar, annaðhvort til ákvörðunar eða kynningar.

Útlánaáhætta sjóðsins takmarkast við íslensk sveitarfélög. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei orðið tap á útláni frá því að lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Engin vanskil voru við útgáfu grunnlýsingar þessarar og ekki hefur þurft að grípa til veðs í tekjum sveitarfélags sem tryggingu fyrir láni á árinu.

Sveitarfélögin eru nú 75 talsins en þeim hefur farið fækkandi á undanförunum árum og staða þeirra sem lántakendur gagnvart lánasjóðnum því styrkst. Nú eru 57 þeirra lántakendur hjá lánasjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögnum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi.

Við seinustu endurskoðuðu reikningsskil lánasjóðsins, árslok 2011 voru fimm viðskiptamenn flokkaðir sem viðskiptamenn með stóra áhættuskuldbindingu hjá lánasjóðnum. Viðskiptamenn eru skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglur FME nr. 216/2007 ef heildarskuldbindingar að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Tíu stærstu lántakendurnir eru með um 57% af heildarútlánnum sjóðsins. Samkvæmt lögum um fjármálastofnanir nr. 161/2002 má hámarksáhætta á einn aðila ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.

1.2 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánsjóðurinn er í eigu íslenskra sveitarfélaga og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Lánsjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögunum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhætta er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá FME. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

1.3 Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta

Varðandi vaxtaáhætta er stefna sjóðsins að halda jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem lánsjóðurinn getur breytt einhliða.

Stefna lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhætta er að samræmi sé milli eigna og skulda í erlendum myntum þannig að gjaldmiðlaáhætta skapist ekki. Misræmi eigna og skulda skal aldrei vera meira en 10% af eigin fé í hverri mynt fyrir sig og ekki meiri en 10% fyrir heildargjaldeyrisjöfnuð. Við seinustu endurskoðuðu reikningsskil í árslok 2011 var lánsjóðurinn með jákvæða erlenda eignastöðu uppá 946 m.kr., sjá einnig nánar í skýringu 4.6 í ársreikningi lánasjóðsins fyrir árið 2011 sem gefinn var út 6. mars 2012.

1.4 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjáraáhætta er hætta á að lánsjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánsjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af eigin fé haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika.

1.5 Rekstraráhætta

Varðandi rekstraráhættu er stefna lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánssamninga. Þá hefur stefna lánasjóðsins verið að útvísta skrifstofuþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að minnka áhættu. Rekstur lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir fremur einsleitir.

1.6 Starfsmannaáhætta

Lánasjóðurinn er í dag með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann fjárfestingar. Jafnframt hefur lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmskonar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu lánasjóðsins og sambandsins.

1.7 Lagaleg áhætta

Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda. Lánasjóðurinn hefur farið yfir dóm Hæstaréttar, sem kveðinn var upp þann 16. júní 2010., þar sem íslensk gengistryggð lán voru dæmd ólögleg. Það er mat lánasjóðsins, að höfðu samráði við lögfræðinga sjóðsins, að almennt bendi ekkert til þess að þau erlendu lán sem lánasjóðurinn hefur endurlánað til sveitarfélaga séu í andstöðu við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Lánasjóðurinn hefur þá stefnu að ef í ljós kemur í framtíðinni að erlend lán sjóðsins eða sambærileg lán verði dæmd ólögleg af íslenskum dómstólum þá mun sjóðurinn endurreikna lánasafn sitt og einnig tryggja það að allir lántakendur sjóðsins njóti jafnræðis ef til þess enduréiknings kemur. Samkvæmt ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2008 voru útistandandi erlend útlán sjóðsins tæplega 19,2 milljarðar króna.

1.8 Áhætta tengd skuldabréfunum

Í köflum 1.9 til og með 1.11 hér á eftir er vikið að áhættuþáttum sem skipta máli fyrir þau verðbréf sem grunnlýsing þessi nær til, svo meta megi markaðsáhættu sem tengist þeim. Kaup á skuldabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og er fjárfestum ráðlagt að kynna sér efni grunnlýsingarinnar af kostgæfni. Fjárfestum er ennfremur ráðlagt að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með skuldabréf lánasjóðsins. Fjárfestum er jafnframt bent á að leita sér nánari upplýsinga og ráðgjafar sérfræðinga ef þeir þarfnast ítarlegri útlistunar á áhættuþáttum.

Að mati útgefanda kunna eftirfarandi áhættuþættir að hafa mestu áhrif á getu hans til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfum þessum í flokki LSS150224. Að mati útgefanda ríkir óvissa um þessa áhættuþætti og þá með hvaða hætti þeir kunni að hafa áhrif á útgefanda eða getu hans til þess að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfum í skuldabréfaflokki þessum. Með því að tiltaka þessa áhættuþætti er útgefandi ekki að meta líkindi þess að þeir áhættuþættir sem tilteknir eru í grunnlýsingu þessari eigi sér stað eða ekki.

1.8.1 Endurgreiðsluáhætta

Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnréttáar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda.

Í tengslum við útgáfu skuldabréfanna hefur lánasjóðurinn ekki tekist á hendur frekari skyldur sem takmarka heimildir hans til frekari lántöku, þar með talið til töku lána sem eru jafnréttá og skuldabréfin.

1.8.2 Markaðs- og seljanleikaáhætta

Markaðsáhætta: Fjárfesting í skuldabréfunum getur falið í sér vaxtaáhættu vegna þess að ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar getur það leitt til lækkunar á mati fjárfesta á verðmæti skuldabréfanna og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar getur það valdið því að fjárfestar hækka mat sitt á verðmæti skuldabréfanna.

Seljanleikaáhætta eða lausafjárahætta: Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja skuldabréfin þegar fjárfestar vilja selja. Áhættan felst í skorti á framboði eða eftirspurn á markaðnum, þ.e. aðilar á markaði eru hvorki tilbúnir til að kaupa né selja það magn skuldabréfa, né á því verði sem til stendur að selja eða kaupa, t.d. ef kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar. Samið hefur verið um viðskiptavakt með bréfin á NASDAQ OMX Iceland sem miðar að því að auka framboð og seljanleika bréfanna á eftirmarkaði og með því draga úr seljanleikaáhættu fjárfesta, sjá nánar í kafla 7.

Uppgjörsáhætta: Sú áhætta er til staðar að greiðsla í greiðsluferfi sé ekki gerð upp með sama hætti og vænst var til vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.

Vörsluáætta: Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörslufyrirtækis.

Ytri aðstæður: Ýmis atvik, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand, geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja eða skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft áhrif á verðmat fjárfesta á skuldabréfunum.

1.8.3 Áhætta tengd verðbólguþengingu bréfsins

Við útgáfu skuldabréfsins liggur raunvirði þess fyrir. Nafnvirði hverrar greiðslu í framtíðinni veltur svo á breytingu á VNV (vísitala neysluverðs til verðtryggingar) frá útgáfudegi.

Hér má sjá þróun VNV frá árinu 2005:

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Janúar	239,2	249,7	266,9	282,3	334,8	356,8	363,4	387,1
Febrúar	239,7	249,5	268,0	286,2	336,5	360,9	367,7	391,0
Mars	241,5	252,3	267,1	290,4	334,5	362,9	371,2	
Apríl	242,0	255,2	268,7	300,3	336,0	363,8	374,1	
Mái	240,7	258,9	271,0	304,4	339,8	365,3	377,6	
Júní	242,4	261,9	272,4	307,1	344,5	364,1	379,5	
Júlí	242,7	263,1	273,0	310,0	345,1	361,7	379,9	
Ágúst	243,2	264,0	273,1	312,8	346,9	362,6	380,9	
September	246,9	265,6	276,7	315,5	349,6	362,6	383,3	
Október	248,4	266,2	278,1	322,3	353,6	365,3	384,6	
Nóvember	248,0	266,1	279,9	327,9	356,2	365,5	384,6	
Desember	248,9	266,2	281,8	332,9	357,9	366,7	386,0	

Heimild: Hagstofa Íslands (<http://www.hagstofa.is>). engum staðreyndum hefur verið sleppt sem gera myndu upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi.

Hér má sjá 12 mánaða verðbólguþróun (í prósentum) frá árinu 2005:

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Janúar	4,0%	4,4%	6,9%	5,8%	18,6%	6,6%	1,8%	6,5%
Febrúar	4,5%	4,1%	7,4%	6,8%	17,6%	7,3%	1,9%	6,3%
Mars	4,7%	4,5%	5,9%	8,7%	15,2%	8,5%	2,3%	
Apríl	4,3%	5,5%	5,3%	11,8%	11,9%	8,3%	2,8%	
Mái	2,9%	7,6%	4,7%	12,3%	11,6%	7,5%	3,4%	
Júní	2,8%	8,0%	4,0%	12,7%	12,2%	5,7%	4,2%	
Júlí	3,5%	8,4%	3,8%	13,6%	11,3%	4,8%	5,0%	
Ágúst	3,7%	8,6%	3,4%	14,5%	10,9%	4,5%	5,0%	
September	4,8%	7,6%	4,2%	14,0%	10,8%	3,7%	5,7%	
Október	4,6%	7,2%	4,5%	15,9%	9,7%	3,3%	5,3%	
Nóvember	4,2%	7,3%	5,2%	17,1%	8,6%	2,6%	5,2%	
Desember	4,1%	7,0%	5,9%	18,1%	7,5%	2,5%	5,3%	

Heimild: Hagstofa Íslands (<http://www.hagstofa.is>). engum staðreyndum hefur verið sleppt sem gera myndu upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi.

Samkvæmt verðbólguþróun Seðlabanka Íslands og birt er á vefsíðu bankans (<http://www.seðlabanki.is/?PageID=58>) má sjá helstu þætti peningastefnunnar:

Markmið stefnunnar í peningamálum er stöðugt verðlag. Hinn 27. mars 2001 var tekið upp formlegt verðbólguþéttmarkmið.

- Seðlabankinn stefnir að því að verðbólga, reiknuð sem árleg hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%.
- Víki verðbólga meira en ± 1½% frá settu marki ber bankanum að gera ríkisstjórninni grein fyrir ástæðu fráviksins, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hvenær hann telur að verðbólguþéttmarkmiðinu verði náð að nýju. Greinargerðina skal birta opinberlega.
- Seðlabankinn birtir verðbólguþéttmarkmið á a.m.k. tvö ár fram í tímann og gerir grein fyrir henni í Peningamálum.

þar sem peningastefnan miðar að því að halda verðlagi stöðugu verður henni ekki beitt til þess að ná öðrum efnahagslegum markmiðum, svo sem jöfnuði í viðskiptum við útlönd eða mikilli atvinnu, nema að því marki sem slíkt samrýmist verðbólgu markmiði bankans.

Þrátt fyrir söguleg gögn er sá möguleiki fyrir hendi að VNV lækki í framtíðinni sem kynni að orsakast af stöðnun íslenska hagkerfisins eða breytingu á peningastefnu. Þetta gæti valdið því að afborganir af skuldabréfinu verði lægri í framtíðinni að nafnvirði og kunna einnig að vera lægri að raunvirði sé miðað við sömu reiknuðu afborgun á útgáfudegi bréfsins.

2 ÁBYRGIR AÐILAR

2.1 Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

2.2 Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, nafngreindir hér að neðan, fyrir hönd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem grunnlýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Jafnframt er Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsjónaraðili með töku skuldabréfa lánasjóðsins í flokki LSS150224 til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf.

Reykjavík, 28. mars 2012
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
Borgartúni 30, 105 Reykjavík



Magnus B. Jónsson
stjórnarformaður



Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

3 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Grunnlýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum vegna fyrirhugaðrar töku skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. í flokki LSS150224, til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. og koma skulu fram í grunnlýsingu og endanlegum skilmálum skv. IV og V. viðauka fylgiskjals í við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Tilgangurinn er m.a. að koma á framfæri þeim upplýsingum sem áskildar eru skv. reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga í NASDAQ OMX Iceland hf. og fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í skuldabréfum sem fyrirhugað er að sækja um töku til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. á grundvelli grunnlýsingar þessarar og endanlegum skilmálum skuldabréfanna sem verða útgefin af Lánasjóði sveitarfélaga.

Um útgáfu og töku skuldabréfa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. til viðskipta fer fram samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum, þ.m.t. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og lög nr. 110/2007 um kauphallir. Í grunnlýsingunni vísa „sjóðurinn“ og „lánasjóðurinn“ til Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Ekki er áformað að óska eftir að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á öðrum mörkuðum.

Ekki er heimilt að dreifa grunnlýsingunni til landa þar sem slík dreifing er ólögleg eða brýtur í bága við reglur hjá opinberum eftirlitsaðilum í viðkomandi landi.

Fjármálaeftirlitið hefur staðfest þessa grunnlýsingu.

4 SKJÖL FELLD INN MEÐ TILVÍSUN

Útgefandalýsing Lánasjóðs sveitarfélaga ohf, dagsett 28. mars 2012 er hér með felld inn í grunnlýsingu þessa með tilvísun. Útgefandalýsinguna má nálgast hjá útgefanda að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, eða á vefsíðu hans: www.lanasjodur.is, á meðan grunnlýsing þessi er í gildi.

5 UPPLÝSINGAR

5.1 Upplýsingar um útgefanda

Útgefandi heitir Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100. Skráningarstaður útgefanda er Reykjavík, Ísland. Lögheimili útgefanda er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Ísland. Sími á skrifstofu félagsins er (+354) 515-4900, slóð vefsíðu félagsins er www.lanasjodur.is og almennt netfang er lanasjodur@lanasjodur.is. Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum árið 1966. Með lögum nr. 150/2006 var lánasjóðurinn gerður að opinberu hlutafélagi og var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007. Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í 3. gr. samþykkt Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. kemur fram að tilgangur félagsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé til verkefna, sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, á hagstæðum kjörum, svo og önnur fjármálaþjónusta við sveitarfélög og önnur starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við megintilgang félagsins. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart félaginu.

5.2 Samþykki skuldabréfaútgáfunnar

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. heimilaði á fundi sínum þann 27. maí 2009 útgáfu skuldabréfa í skuldabréfaflokknum LSS150224 sem næmu allt að 25.000.000.000 ISK að nafnvirði, sem er viðbót við áður veitta heimild að nafnvirði 15.000.000.000 ISK samþykkt 10. október 2008. Heildarheimild flokksins 28. mars 2012 er 40.000.000.000 ISK að nafnvirði. Stefna stjórnarinnar er að auka við þessa heimild á næstu árum ef eftirspurn verður eftir skuldabréfunum og til að afla fjár til endurlána til sveitarfélaga á næstu árum. Skuldabréf í skuldabréfaflokknum LSS150224 að upphæð ISK 28.244.000.000 hafa þegar verið tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland.

Ráðgert er að halda regluleg útboð í þessum flokki skuldabréfa og var útgáfuáætlun sjóðsins fyrir árið 2012 birt opinberlega 30. desember 2011.

5.3 Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni

Engir hagsmunarárekstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá stjórnarmönnum, varamönnum í stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra.

5.4 Tilgangur útgáfunnar

Tilgangur sölu skuldabréfanna er að afla fjár til endurlána til sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

5.5 Rafræn skráning

Skuldabréf þessi eru nafnbref og hafa verið tekin til rafrænnar skráningar hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

5.6 Endanlegir skilmálar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

LSS150224

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 28. mars 2012, skv. IV. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu dags. []. (ef við á: viðauka dags. []) og endanlegum skilmálum dags. []. Fyrirgreind skjöl má nálgast á starfsstöð útgefanda og á vefsíðu hans, sem er: www.lanasjodur.is

Útgefandi

Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

Ábyrgð útgefanda

Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma.

Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnréttáar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda

Auðkenni	LSS150224.
ISIN númer	IS0000018869.
Tilgreind mynt	ISK.
Nafnverð	ISK [•].
Áður útgefið og selt	ISK [•].
Stærð flokks skv. nógildandi heimild	ISK [•] að nafnvirði.
Dagaregla	30E/360.
Nafnverðseiningar	ISK 1.
Útgáfudagur	[•]
Fyrsti vaxtadagur	29. október 2008.
Tegund bréfs	Verðtryggt jafngreiðslubréf.
Vextir	3,75% fastir verðtryggðir ársvextir.
Tíðni afborganna og vaxta	Tvisvar á ári, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert.
Fyrsta greiðsla	15. febrúar 2009.
Fjöldi vaxtagreiðslna og afborgana	31.
Lokagjalddagi	15. febrúar 2024.
Verðtrygging og grunnvísitala	Skuldabréf þetta er bundið dagvísitölu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV). Grunnvísitala bréfanna er 312,8 (VNV 1. október 2008).
Ávöxtun á söludegi	Ávöxtunarkrafa dags. [•] var [•] og sölugengi [•].
Útreikningur ávöxtunar	Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluflæðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluflæðisins sé jafnt söluverðinu.
Taka til viðskipta	Sótt hefur verið um að skuldabréf að fjárhæð [•] að nafnvirði verði tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. þann [•].
Uppgreiðsluheimild	Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum.
Víkjandi ákvæði	Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum.
Hlunnindi	Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.
Verðbréfamíðstöð	Verðbréfaskráning Íslands hf., Laugavegi 182, Reykjavík.

Skuldabréf í flokknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu [•]. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölunnar er Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur [\bullet %] af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands sem nemur [\bullet %] af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK [\bullet] fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Auk þess greiðir lánasjóðurinn FME ISK [\bullet] fyrir athugun og staðfestingu á lýsingu. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK [\bullet]. Að auki greiðir lánasjóðurinn árlegt fast gjald ISK [\bullet] fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland ásamt árlegu markaðstengdu gjaldi sem nemur [\bullet %] af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni.

Verðmæti skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK [\bullet]. Að frádreginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu og annars kostnaðar er nettósöluandvirði útgáfunnar [\bullet].

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann [\bullet]:

sem hefur til þess fullt umboð

5.7 Ítarupplýsingar um skuldabréfin

Endurgreiðslur	Skuldabréfin og vextir af þeim verða, fyrir milligöngu Verðbréfaskráningar Íslands hf., greidd á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS-reikning hjá. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlega greiðslu inn á bankareikning eigenda bréfanna.
Réttinda- og réttindaleysisdagur	Réttindadagur er einum bankadegi fyrir greiðsludag vaxta og höfuðstóls og ákvarðast af eigendaskráningu hjá verðbréfamiðstöð að loknu síðasta reglubundna uppgjöri hjá henni á þeim degi.
Umsjónaraðili útreiknings	Lánasjóður sveitarfélaga ohf. annast útreikning á afborgunum og uppgjöri skuldabréfsins.
Nafnvextir	Af höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma greiddast 3,75% fastir verðtryggðir ársvextir, sem reiknast frá 29. október 2008. Vaxtagjalddagar eru tvisvar á ári 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert. Ef vaxtagreiðsludagar eru helgidagar eða annar frídagur færast greiðsla vaxta til næsta virka dags á eftir en vaxtatímabilið helst óbreytt.
Dagaregla	Dagaregla við útreikning á virði bréfs og áfallinna vaxta miðast við 30E/360, og verður ISDA aðferð notuð til útreiknings.
Viðmiðunarvísitala	Skuld þessi er bundin vísitölu neysluverðs til veðtryggingar (VNV), sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands, skv. lögum nr. 12/1995.
Verðtryggingaraðferð	Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga áður en vextir og afborgun eru reiknuð út.
Verðbótastuðull	Fjöldi aukastafa í verðbótastuðli (IR) er sá sami og gildir fyrir viðmiðunarvísitöluna. $\text{Verðbótastuðull} = \frac{\text{Dagvísitala}_{\text{uppgjörsdags}}}{\text{Grunnvísitala}}$
Grunnvísitala	312,80000. Gildi VNV 1. október 2008.
Daglegt verðbólgu-gildi	Daglegt verðbólgu-gildi reiknast línulega samkvæmt eftirfarandi reiknireglu: Viðmiðunartala fyrir fyrsta daginn í mánuði m er vísitala neysluverðs fyrir mánuðinn $m-2$; til dæmis er viðmiðunartalan fyrir 1. apríl vísitala neysluverðs fyrir

febrúarmánuð. Viðmiðunin fyrir einhvern annan dag í mánuði m reiknast línulega milli vísitölu neysluverðs fyrir mánuðinn $m-2$ og vísitölu neysluverðs fyrir mánuðinn $m-1$, samkvæmt eftirfarandi reiknireglu:

$$\text{Daglegt verðbólguvaldi} = VNV_{m-2} + \left[\frac{d-1}{30} \times (VNV_{m-1} - VNV_{m-2}) \right]$$

Þar sem

VNV_{m-1} er vísitala neysluverðs fyrir fyrsta daginn í mánuði $m-1$,

VNV_{m-2} er vísitala neysluverðs fyrir fyrsta daginn í mánuði $m-2$,

d er mánaðardagur uppgjör.

Námundun

Dagleg verðbólguviðmiðun, þ.m.t. grunnvísitalan, námundast með fimm aukastöfum. Sama regla gildir um verðbótastuðulinn. Þegar áfallnir vextir eru reiknaðir út frá hreinu verði eru sex aukastafir notaðir.

Útreikningur afborgana: Afborgun höfuðstóls

Á hverjum gjalddaga skal reikna afborgun af höfuðstól miðað við eftirfarandi formúlu:

$$A = \frac{r(1+r)^{k-1}}{(1+r)^n - 1} \times h$$

þar sem :

A = Fjárhæð hverrar afborgunar höfuðstólsins

$r = c/2$

c = Grunnvextir skuldabréfsins

h = Höfuðstóll skuldabréfsins

n = Heildarfjöldi afborgana af skuldabréfinu

k = Fjöldi greiddra afborgana af skuldabréfinu + 1 (k = 0 á útgáfudegi, k = 1 á fyrsta gjalddaga, o.s.f.r.v.).

Útreikningur afborgana: Jafngreiðsluútreikningur höfuðstólsgreiðslu

Upphæð jafngreiðslufjárhæðar sem greiða skal á hverjum vaxtagjalddaga skal reikna á eftirfarandi veg:

$$P = \frac{r}{1 - (1+r)^{-n}} \times IR \times d$$

þar sem:

P = Jafngreiðslufjárhæð sem samanstendur af afborgun höfuðstóls, vaxta og verðtryggingar

$r = c/2$

c = Grunnvextir skuldabréfsins

d = Höfuðstóll skuldabréfsins

n = Heildarfjöldi afborgana af skuldabréfinu

IR = Verðtryggingarstuðull

Fyrningarákvæði

Kröfur samkvæmt skuldabréfunum fyrnast í samræmi við lög nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Samkvæmt 5. gr. laganna fyrnast afborganir af höfuðstól á 10 árum frá gjalddaga, en kröfur um vexti og verðbætur fyrnast á 4 árum frá gjalddaga.

Viðtökudráttur og vanskil

Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð samkvæmt framanrituðu.

Þegar skuldin er í gjalddaga fallin skv. framansögðu má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengis dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr.

laga nr. 90/1989 um aðför.

Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.

Framsal	Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna. Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreindra aðila. Skuldabréfin eru rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands og þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf.
Skattamál	Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt núgildandi skattalögum teljast bréfin til eignarskattstofns hjá einstaklingum og lögaðilum og er skatturinn 20%. Lánasjóðurinn ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.
Stimpilgjaldskylda	Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi, sbr. 115. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
Meðferð ágreinings	Rísi mál út af skuldabréfi þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991.

6 VEDHÆFI ÚTGÁFUNNAR HJÁ SEDLABANKA ÍSLANDS

Skuldabréf sjóðsins í skuldabréfaflokknum LSS150224 eru vedhæf hjá Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands hefur þó birt á vefsíðu sinni, þann 2. desember 2011, frétt þess efnis að bankinn sé að vinna að endurskoðun á reglum um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands. Þar er tekið fram að til skoðunar sé takmörkun á tegundum trygginga sem teljast hæfar í viðskiptum við Seðlabankann sem myndi fela í sér að skuldabréf útgefin af sveitarfélögum, eða með sameiginlegri ábyrgð sveitarfélaga, myndu ekki teljast hæf til tryggingar viðskiptum hjá Seðlabankanum. Ef þessi endurskoðun Seðlabankans fer í samræmi við þessa frétt þeirra yrðu skuldabréf sjóðsins í flokknum LSS150224 ekki lengur vedhæf hjá Seðlabanka Íslands.

7 SKRÁNING Á MARKAÐ OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA

7.1 Skráning á markað

Skuldabréf í flokknum eru skráð á NASDAQ OMX Iceland hf.

7.2 Útboð

Aðalmiðlurum með skuldabréf lánasjóðsins, Arion Banka hf., Íslandsbanka hf., Landsbankanum hf. og MP Banka hf., verður boðið að taka þátt í útboðum á skuldabréfunum, en búið er við að innlendir lífeyrissjóðir verði helstu endanlegu kaupendur skuldabréfanna. Aðalmiðlari er einnig viðskiptavaki á eftirmarkaði fyrir LSS150224 og setur fram kaup- og sölutilboð að nafnvirði 50 m.kr. að lágmarki í NASDAQ OMX á Íslandi fyrir opnun markaðar, sjá nánar í kafla 7.3.

Skuldabréf í skuldabréfaflokknum LSS150224 að upphæð ISK 28.244.000.000 hafa þegar verið tekin til viðskipta. Ávöxtunarkrafa í útboðum fram að þessu hefur verið á bilinu 2,55% - 6,5% og heildar söluverðmæti bréfanna ISK 25.650.317.777.

Ráðgert er að halda fleiri útboð í þessum flokki skuldabréfa og var útgáfuáætlun sjóðsins fyrir árið 2012 birt opinberlega 30. desember 2011. Hægt er að nálgast útgáfuáætlunina á skrifstofu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík, og á vefsíðu sjóðsins www.lanasjodur.is.

7.3 Kostnaður við útgáfuna

Söluþóknun vegna sölu á skuldabréfunum til endanlegra fjárfesta er ákveðið sem hlutfall af söluverði bréfanna. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald til Verðbréfaskráningar Íslands hf. sem er hlutfall af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. ásamt árlegu föstu gjaldi og árlegu markaðstengdu gjaldi sem er hlutfall af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni.

7.4 Aðalmiðlarar

Þann 22. mars 2012 undirrituðu Arion Banki hf., Íslandsbanki hf., Landsbankinn hf. og MP Banki hf. samninga við Lánasjóð sveitarfélaga í tengslum við viðskiptavakt á eftirmarkaði með bréf sjóðsins í flokki LSS150224 og LSS150434. Tilgangur samningsins er að styrkja aðgang lánasjóðsins að lánsfé og koma á virkri verðmyndum á eftirmarkaði með bréf sjóðsins.

Meginatriði samningsins er eftirfarandi:

Frá 26. mars 2012 hafa fjórar fjármálastofnanir heimild til að kalla sig: "Aðalmiðlara með skuldabréf lánasjóðsins". Þær eru: Arion Banki hf., Íslandsbanki hf., Landsbankinn hf. og MP Banki hf.

Aðalmiðlarar hafa einir aðgang að útboðum lánasjóðs sveitarfélaga.

Aðalmiðlari skuldbindur sig til að setja fram markaðsmyndandi tilboð í útboðum skuldabréfa lánasjóðsins að lágmarki 100 m.kr. að nafnvirði samanlagt í þá flokka sem í boði eru í hverju útboði, að hámarki þó einu sinni í hverjum mánuði.

Aðalmiðlarar hafa einir aðgang að sérstökum verðbréfalánnum sem lánasjóðurinn veitir.

Aðalmiðlari er viðskiptavaki á eftirmarkaði fyrir LSS150224 og setur fram kaup- og sölutilboð að lágmarki 50 m.kr. að nafnvirði í NASDAQ OMX á Íslandi fyrir opnun markaðar. Tilboðsskylda aðalmiðlara í flokki LSS150224 verður lækkuð úr 50 m.kr. í 30 m.kr. þegar tilboðsskylda aðalmiðlara í flokki LSS150434 hefst.

Aðalmiðlari er viðskiptavaki á eftirmarkaði fyrir LSS150434 og setur fram kaup- og sölutilboð að nafnvirði 20 m.kr. að lágmarki í NASDAQ OMX á Íslandi fyrir opnun markaðar. Tilboðsskylda aðalmiðlara í flokki LSS150434 hefst þann dag sem útgefið nafnvirði flokksins er orðið 10 milljarðar króna.

Aðalmiðlari skuldbindur sig til þess að verðmunur kaup- og sölutilboða hans fari ekki yfir 1%

Aðalmiðlara er skylt að endurnýja tilboð sín innan 15 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið. Ef aðalmiðlari á viðskipti á einum viðskiptadegi fyrir samtals 200 m.kr. að nafnvirði með þá flokka lánasjóðsins sem viðskiptavakt er með er honum heimilt að víkja út frá hámarksmun kaup- og sölutilboða.